



# Félagsþjónusta Austur-Húnavatnssýslu

Reglur um ferðaðjónustu fatlaðra í A-Hún

## 1. Markmið ferðaðjónustunnar

Markmið ferðaðjónustu fatlaðra er að gera þeim sem eru andlega eða líkamlega fatlaðir og ekki geta nýtt sér aðrar samgönguleiðir vegna fötlunar sinnar, kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómsunda. Einnig er henni ætlað að sjá fötluðum fyrir akstri á sérhæfðar þjónustustofnanir skv. 35. gr. laga 59/1992 sem eru Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, dagvistarstofnanir fatlaðra, verndaðir vinnustaðir og leikfangasafn.

Ferðaðjónusta er veitt eftir þörfum hverju sinni, tekið er mið af þjónustuþörf einstaklingsins og möguleikum á öðrum samgönguleiðum.

## 2. Notendur

Ferðaðjónusta fatlaðra er ætluð þeim íbúum sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, heyra undir lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum og uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða:

a) Bundnir hjólastól

b) Blindir

c) Þurfa sérhæfða ferðaðjónustu til að komast leiðar sinnar vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar.

## 3. Endurgreiðslur vegna ferða sem farnar eru á einkafarartæki í stað ferðaðjónustu.

Fatlaður einstaklingur sem ekið er af einkaaðila þegar ferðaðjónustu nýtur ekki við, getur fengið endurgreiðslu vegna þessa kostnaðar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Einstaklingurinn verður að falla undir skilgreiningu á notendum ferðaðjónustu.
2. Endurgreitt er vegna ferða til og frá hæfingar- og endurhæfingarstöðvum, dagvistarstofnunum fatlaðra, grunnskólum, vernduðum vinnustöðum, leikfangasöfnum og vegna annarrar sértækrar þjónustu fyrir fatlaðra.
3. Framvísa verður akstursdagbók með umsókn um endurgreiðslu, þar sem fram kemur tilgangur ferðar og vegalend sem ekin var.

Uppfylli einstaklingur ofangreind skilyrði og sé umsókn hans samþykkt af viðeigandi sveitarfélagi, fær hann greitt kílómetragjald samkvæmt gjaldskrá ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

## 4. Umsókn um ferðaðjónustu

Sótt er um ferðaðjónustu fatlaðra hjá Félagsþjónustu A-Hún, umsókn er metin og send áfram til viðeigandi sveitarfélags til samþykktar og framkvæmdar.